

# KIRKJUGARÐARÁÐ

177 fundur haldinn mánudaginn 10. júní 2021

í fundarsal Biskupsstofu.

---

**Pátttakendur voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir lögfræðingur og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs og Sigurgeir Skúlason verkefnastjóri ráðsins.

**Gestur fundarins:** Halldór Arason endurskoðandi Deloitte undir lið 2.

1. **Setning fundar.**

Fundur settur kl. 12:30. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. **Framlag ríkisins til kirkjugarða. Ársreikningur 2020.**

Halldór Arason endurskoðandi Deloitte kynnti niðurstöðu ársreikningsins varðandi framlag ríkisins til kirkjugarða fyrir árið 2020. Gjöld umfram tekjur af rekstri ársins 2020 námu kr. 829.339. Rekstrartekjur námu samtals kr. 1.145.260.000. Heildareignir námu kr. 36.968.553 og í árslok 2020 var eigið fé neikvætt um kr. 4.988.206. Ársreikningur samþykktur og undirritaður.

3. **Ársreikningur kirkjugarðasjóðs árið 2020.**

Framkvæmdastjóri kynnti ársreikninginn sem unninn var af Ríkisendurskoðun. Á árinu 2020 varð 1.785.792 kr. tekjuafgangur af rekstri Kirkjugarðasjóðs. Heildartekjur með fjármunatekjum voru 102.897.638 kr en gjöldin voru 101.111.846 kr. Ársreikningur samþykktur og undirritaður.

4. **Kirkjugarðasambands Íslands – Bautasteinn og aðalfundur**

Framkvæmdastjóri og Þórsteinn Ragnarsson kynntu. Rit KGSÍ sem ber heitið Bautasteinn kom út í ár eins og það hefur gert undanfarin 26. ár. Áætlað er að halda aðalfund sambandsins 18. september á Hótel Laugarbakka í Hrútafirði. Kórónuveiran hefur haft áhrif á starfsemi sambandsins eins og hjá mörgum öðrum félagasamtökum og hefur þurft að fresta aðalfundinum í tvígang.

5. **Næsti fundur.** Ákveðið var að fara í ferð um Norður og Norðausturland og skoða kirkjugarða og ræða við umsjónarmenn og stjórnir dagana 1. og 2. september n.k.

6. Önnur mál.

Engin

Fleira ekki gert  
Fundi slitið kl. 14:05.

---

Ragnhildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Guðmundur Rafn Sigurðsson,  
ritari